

LION



Íslensk útgáfa

www.lions.is

blað nr. 308

júní 2018



We Serve

Júní 2018. Blað nr. 308
THE LION IN ICELANDIC
Fjölumdámi 109
Multiple District 109 Iceland
Opinbert málagn Lions Clubs
International, gefið út í umboði
alþjóðastjórnar Lions á tuttugu
tungumálum: Dönsku, ensku,
farsí, finnsku, flæmsku, frönsku,
grísku, hollensku, íslensku, ítölsku,
japönsku, kínversku, kóresku,
norsku, portúgölsku, spænsku,
sænsku, tælensku, tyrknesku og
pýsku. Þrjátíu Lionsblöð eru gefin út í
heiminum.

Útgefandi LION á íslensku:

FJÖLUMDÆMI 109

Tímaritið Lion kemur út sex sinnum á ári, fjögur prentuð blöð en tvö aðeins í netútgáfu. Öll blöð eru gefin út í netútgáfu.

Lionskrifstofan, Hlíðasmári 14, 201
 Kópavogur er opin alla virka daga frá kl. 09.00 til 14.00

Sími: 561 3122, Fax: 561 5122

e-mail / netfang: lions@lions.is

Heimasíða Lions: lions.is

Skrifstofustjóri: Kolfinna

Guðmundsdóttir



FJÖLUMDÆMISRÁÐ

FJÖLUMDÆMIS 109

Starfsárið 2017 – 2018

Fjölumdæmisstjóri: Jón Pálmason,

Lkl. Viðarr.

Umdæmisstjóri 109A: Ellert Eggertsson,

Lkl. Hafnarfjarðar.

Umdæmisstjóri 109B: Björn

Guðmundsson, Lkl. Hængur.

Fjölumdæmisritari: Guðmundur Helgi

Gunnarsson, Lkl. Fjörgyn.

Fjölumdæmisgjaldkeri: Stefán Árnason,

Lkl. Vitaðsgjafi.

Fráfarandi fjölumdæmisstjóri: Árni B.

Hjaltason, Lkl. Njarðvíkur.

Vara fjölumdæmisstjóri: Björg Bára

Halldórsdóttir, Lkl. Rán.

Protokol- og þingstjóri: Kristinn

Hannesson, Lkl. Mosfellsbæjar.

Alþjóðasamskiptastjóri: Árni Viðarr

Friðriksson, Lkl. Hængur.

Kynningarstjóri: Hörður Sigurjónsson,

Lkl. Njörður.

Umhverfisstjóri: Halldór Runólfsson,

Lkl. Fjörgyn.

Ritstjóri Lion og heimasíðu: Þorkell

Cýrusson, Lkl. Búðardals.

Netstjóri: Skúli Guðmundur

Ingvarsson, Lkl. Borgarness.

GLT stjóri (menntun og

leiðtogaþjálfun): Halldór

Kristjánsson,

Lkl. Ásbirni.

GMT stjóri: (útbreiðsla og fjölgun):

Jón Gröndal, Lkl. Njörður.

GMT/konur í Lions: Hrund

Hjaltadóttir, Lkl. Fold

GST stjóri: (verkefni) Pálmi

Hannesson, Lkl. Garði.

NSR-AU nefndarmaður: Hrund

Hjaltadóttir, Lkl. Fold.

Vara alþjóðaforsæti Lions: Guðrún

Björt Yngvadóttir, Lkl. Eik.

Lestrarátaksstjóri: Dagný S.

Finnsdóttir, Lkl. Úa.

Heilbrigðisstjóri: Jón Bjarni

Þorsteinsson fyrr. alþjóða-

stjórnarmaður, Lkl. Mosfellsbæjar.

Hjálparstjórnastjóri: Kristinn G.

Kristjánsson, Lkl. Hveragerðis.

Ungmennaskiptastjóri: Brynja Vigdís

Þorsteinsdóttir, Lkl. Æsa.

LCIF stjóri, fyrr. alþjóðastjórnar

maður: Jón Bjarni Þorsteinsson

Lkl. Mosfellsbæjar.

Afmælisnefnd Lions: Pálmi Hannesson,

Lkl. Garður

MedicAlert stjóri: Lúdvík Andreasson,

Lkl. Tý.

Menningarstjóri: Gerður Jónsdóttir,

Lkl. Ylfa.

Formaður Kjaransorðunefndar. Kristín

Þorfinnsdóttir, Lkl. Embla.

Skoðunarmaður (aðal): Þorleifur

Sigurðsson, Lkl. Ásbirni.

Skoðunarmaður (aðal): Benjamín

Jósefsson, Lkl. Akranesi.

Skoðunarmaður (vara): Halldóra J.

Ingibergsdóttir, Lkl. Eik.

Skoðunarmaður (vara): Kristín

Þorfinnsdóttir, Lkl. Embla.

Varaumdæmisstjóri 109A: Geirþrúður

F. Bogadóttir, Lkl. Æsa.


Varaumdæmisstjóri 109B: Sigfríð

Andradóttir, Lkl. Búðardals.

Varaumdæmisstjóri (annar) 109A:

Jóhanna Thorsteinsson, Lkl. Engey.

Fjölumdæmisráð:



Jón Pálmason,
 fjölumdæmisstjóri. Jón er
 félagi í Lionsklúbbum
 Viðarr. Ef þú þarft að hafa
 samband við hann þá er
 netfang hans: jp@verkis.is



Ellert Eggertsson,
 umdæmisstjóri 109 A. Ellert
 er félagi í Lionsklúbbi
 Hafnarfjarðar. Ef þú þarft að
 hafa samband við hann þá
 er netfang hans: ellert.
 eggertsson@airatlanta.com



Björn Guðmundsson,
 umdæmisstjóri 109 B. Björn
 er félagi í Lionsklúbbum
 Hæng. Ef þú þarft að hafa
 samband við hann þá er
 netfang hans: bjorn2505@
 gmail.com

Varaumdæmisstjóri (annar) 109B:
 Bragi Ragnarsson, Lkl. Mosfellsbæjar.

Gwen White
 Nicholas Xinopoulos

Frankvæmdastjórn

Lionshreyfingarinnar 2017 – 2018:

International President: Naresh

Aggarwal Indland

Immediate Past President: Robert

„Bob“ E. Corlew USA

First Vice President: Guðrún Björt

Yngvadóttir Ísland

Second Vice President: Jung-Yul Choi

Suður Kórea

Third Vice President: Haynes

Townsend, USA

First Year Directors

Doo-Hoon Ahn

Sandro Castellana

Hastings E. Chiti

William Galligani

Thomas Gordon

Nicolás Jara Orellana

Ardie Klemish

Alice Chitning Lau

Connie Lecleir-Meyer

Virinder Kumar Luthra

Datuk K. Nagaratnam

Don Noland

Regina Risken

Yoshio Satoh

Patricia Vannett

Second Year Directors:

Bruce Beck

Tony Benbow

K. Dhanabalan

Luiz Geraldo Matheus Figueira

Markus Flaaming

Elisabeth Haderer

Magnet Lin

Sam H. Lindsey, Jr.

N. Alan Lundgren

Joyce Middleton

Nicolin Carol Moore

Yasuhisa Nakamura

Aruna Abhey Oswal

Vijay Kumar Raju Vegesna

Elien Van Dille

Jennifer Ware

Jaepung Woo

Upplag: 2400 eintök – Þökkun og
 dreifing: Lionsklúbburinn Úa

Umbrot og prentun: Litlaprent ehf.

Forsíðumynd: Fjölumdæmisstjórn

næsta starfsárs ásamt Guðrúnu Björt

Yngvadóttur verðandi alþjóðaforsæta

Lions. Myndina tók Árni Viðarr

Friðriksson Lkl. Hæng Akureyri.



Ritstjórnargrein

Ágætu lionsfélagar og aðrir lesendur þá er sjötta og síðasta tölublað þessa starfsárs komið út sem verður bæði prentað blað og netblað. Hægt er að lesa þetta blað á heimsíðu Lions á Íslandi eins og öll önnur blöð okkar. Sérstakt smáforrit (app) er nú komið út fyrir blaðið okkar bæði fyrir Android og Apple síma og smátölvur. Í þessu blaði eru leiðbeiningar um hvernig á að sækja og setja þessi smáforrit upp. Eins eru leiðbeiningar um hvernig setja skal upp smáforrit sem heitir My Lion. Þetta smáforrit er mikilvægt og á til dæmis að skila skýrslum í því á næsta starfsári. Fræðsluteymið getur svarað fleiri spurningum um það og eins get ég aðstoðað ykkur við uppsetningu ef þið lendið í vandræðum.

Við vinnslu síðasta blaðs urðu mistök sem hægt var að lagfæra í netútgáfum blaðsins en ég uppgvötvaði mistökinn of seint svo ekki var hægt að laga prentaða blaðið. Þessi mistök voru við minningargrein um Böðvar Pálsson. Ég ákvað í samráði við hlutaðeigandi að birta aftur greinina í þessu blaði og get ég ekki annað en beðið hlutaðeigandi forláts á þessum leiðu mistökum.

Nú er stórt lionsár í vendum hjá okkur kærur félagar á Íslandi. Guðrún Björt Yngvadóttir verður í sumar kjörin alþjóðaforsæti hreyfingarinnar sem eru afar stór tíðindi og ég held að Íslendingar geri sér ekki grein fyrir því hversu merkilegt þetta er. Bæði er hún fyrsta konan í yfir 100 ára sögu hreyfingarinnar sem hlýtur þetta embætti og svo er hún fyrsti Íslendingurinn og ein af fáum Evrópubúum. Yfir 100 Íslendingar munu ferðast á alþjóðþingið í Las Vegas í sumar til þess að fagna með henni á þessum merku tímamótum.

Að lokum þakka ég öllum þeim sem komu að útgáfu þessa blaðs. Ég ætla líka að benda félögum á að enn vantar klúbb/félaga til að sjá um þökkum blaðsins næsta vetur og vona ég að ég fái viðbrögð við því frá klúbbum á stór Reykjavíkursvæðinu.

Ég þakka öllum þeim sem hafa sent greinar í blaðið í vetur fyrir samstarfið og óska ykkur öllum gleðilegs sumars.

Netfang Lionsblaðsins er: lbl@simnet.is

Með lionskvæðu, Þorkell Cýrusson ritstjóri

Það er Leiðtogi í öllum lionsfélögum

Pistill Alþjóðaforseta



Namaste!
Ég átti mér draum þegar ég var ungur, að stjórna öllum heiminum. En ég hafði ekki áhuga á að berjast fyrir leið minni á toppinn. Mig langaði til að stýra gegnum góðverk og þegar ég gekk í Lions þá vissi ég að ég hafði

fundið samtök sem gætu gert draum minn um að verða leiðtogi að veruleika.

Lions leiðtogi hefur tvær hendur.- Eina til að þjóna samfélaginu og hina til að þjóna lionsfélögunum. Leiðirnar sem Lionsfélagar velja til að leggja lið eru mismunandi og sumir Lionsfélagar hafa fundið leiðir til að leggja lið, sem passar þeim og lions. Eins og Cheryl Wilbur umdæmisstjóri sagði, "ef þú ert lionsfélagi, þá ertu þegar leiðtogi í þínu samfélagi."

Í þessum mánuði hitti ég Francis páfa í Vatikaninu í Róm. Orðið „páfi“ er latína dregið af orðinu „faðir.“ Meðan við getum ekki öll orðið páfar, þá getum við öll orðið feður barna og fólks í þörf.

Við getum samsvarað hvaða tölu sem er af okkar 1.4 milljón meðlimum, og við eru öll leiðtogar í eðli okkar til að vinna það sem við höfum kosið fyrir samfélag okkar. Þegar lionsfélagar í Puerto Rico urðu sjálf fórnarlömb hvirvilbylsins María, hættu þeir ekki að vera

lionsfélagar og hættu aldrei að vera leiðtogar.

Það breytir engu hvaða titil þú berð. Það skiptir ekki máli hvort þú hefur ávallt séð þig sem leiðtoga.

Forystuhæfileikar eru ekki til að skapa áhangendur, heldur til að skapa og hvetja nýja leiðtoga. Þess vegna er ég svo hreykinn að vera alþjóðaforseti- vegna þess að ég leiði leiðtoga, ekki áhangendur.

Heill sé leiðtogunum í ykkur öllum.

*Dr.Naresh Aggarwal alþjóðaforseti
Lionshreyfingarinnar*

Þýðing: Geir Hauksson



Lionsblaðið komið í smáforrit (app)

Ágætu félagar hér eru leiðbeiningar Ahvernig má nálgast smáforrit (app) til þess að hlaða blaðinu niður bæði fyrir síma og smátölvur. Nú er þetta tilbúið bæði fyrir android og iphone síma og smátölvur

Fyrir android:

Til þess að nálgast smáforritið er farið inn í Play Store og þar er skrifað í leitarglugga Lion Magazine Island og þá á að birtast Lion Magazine Ísland sem hlaðið er niður og þá koma þau blöð sem komin eru út þar.

Fyrir iphone/ipad:

Hér er farið inn á appstore til að nálgast forritið og þar er skrifað í leitarglugga: Lion Magazine Island og þá birtist smá smáforritið sem hlaðið er niður og þá koma þau blöð sem komin eru út þar.

My Lion:

Einnig er smáforrit komið út fyrir „My Lion“ þar sem skýrslur og annað skal skrá frá og með næsta starfsári. Til þess að hlaða því niður skal fara í leitarglugga í báðum kerfum

og skrifa mylionapp og hlaða því niður. Til þess að setja það upp þurfið þið að vita númer ykkar hjá Lions (lion id).

Ef þið lendið í vandræðum með þetta þá má hafa samband við mig og ég reyni að leysa úr þeim eins og ég get.

Porkell Cýrusson ritstjóri (lbl@simnet.is)

Lionsklúbbur Reykjavíkur

Þann 17. maí sl. veitti Lionsklúbbur Reykjavíkur MND-félaginu á Íslandi viðurkenningu að verðmæti 1.000.000 kr. sem þakklætisvott fyrir að vinna að velferð þeirra sem haldnir eru MND hreyfitaugahrörnun eða öðrum vöðva- og taugasjúkdómum með sömu eða svipaðar afleiðingar.

Guðjón Sigurðsson, formaður MND félagsins á Íslandi tók á móti styrknum og bað fyrir góðum kveðjur til Lionshreyfingarinnar.

Á myndinni eru frá vinstri Guðjón P. Ólafsson, formaður Lionsklúbbs Reykjavíkur, Valur Jóhannsson í líknarnefnd LR, Guðjón Sigurðsson, formaður MND á Íslandi og Hrafn Magnússon, formaður líknarnefndar LR.

*Með Lionskveðjur
Hrafn Magnússon,
formaður líknarnefndar
Lionsklúbbs Reykjavíkur*



Skilafrestur á efni í næsta blað er 6. september

Fjölumdæmisstjóri

Jón Pálmason

Fjölumdæmisstjóri



Góðir félagar.

Nú þegar sumarið er að nálgast og þingi er lokið er vert að þakka fyrir það sem af er liðið af starfsárinu. Sérstaklega þeim sem tóku þátt í starfi fjölumdæmisins. Þeir hafa flestir unnið vel og mikið. Einn vil ég þakka umdæmisstjórunum Ellert og Birni fyrir gott samstarf. Ég sé líka fyrir mér að þeir sem eru að taka við verði öflugir undir stjórn þeirra Bjargar Báru, Geirprúðar og Sigfríðar. Ég óska þeim velfarnaðar.

Starfið í vetur hefur gengið nokkuð vel og verkefnavinna nokkuð góð. Nú síðast tóku nokkrir lionsfélagar þátt í hreinsunaráttaki með Bláa hernum og fleiri. Umhverfismál eru eitt af aðalmálum Lions á heimsvísu og frábært að taka þátt í þessháttar verkefnum. Það er tiltölulega auðvelt að láta svona verkefni vaxa. Til dæmis ættum við að skoða hvort Lions eigi að skipuleggja svona atburð sjálft. Getum við skipulagt ferðir á vettvang og fengið almenning með okkur.

Lionsþing gekk vel og ber að þakka þinghöldurum fyrir frábært starf. Eins þing- og prótókollstjóra Kristni Hannessyni fyrir að halda utan um verkefnið þannig að ekki þurfi að hafa áhyggjur af neinu. Ég er að koma frá heimsókn á sænska þingið og ég verð að segja að aðsóknin á sænska þingið var ekki 5 sinnum meira en á okkar en lionsfélagarnir hjá þeim eru um 10 þús. Sænskum lionsfélögum hefur fækkað mikið og var samþykkt að fækka umdæmum úr 10 í 5. Þetta er að sjálfsögðu sársaukafullt en nauðsynlegt. Eitt var áberandi að meðalaldur þátttakenda leit út fyrir að vera ca. 10 eldri á sænska þinginu en okkar. Hlýtur líka að vera áhyggjuefni.

Framundan er að fara á alþjóðþingið í Las

Vegas. En rúmlega 100 Íslendingar eru að fara. Það er ekki á hverjum degi sem Ísland fær alþjóðaforseta Lions. Guðrún Björt er heldur ekkert venjulegur félagi. Hún hefur alla mannkosti sem þarf í svona verkefni. Svo er hún líka vinsæl alls staðar. Við þurfum líka að taka frá tíma til að fara á þingið hennar í Mílanó eftir ár. Það er uppskeru þingið hennar. Þar sem farið er yfir árangur ársins, sem við efumst ekki að verði góður.

Að lokum við ég þakka samstarfið við ritstjóran Porkel Cýrsson sem hefur staðið í ströngu með að vinna lionsblaðið. Dreifingu blaðsins var breytt í haust og er blaðinu dreift í klúbbana. Talsverður misbrestur hefur verið á að félagarnir fái blaðið. Á næsta starfsári verða aðeins 4 blöð prentuð, en á sama tíma verður að leggja áherslu á að félagarnir noti appið fyrir lestur á blaðinu. Við eigum ekki að óttast breytingar en verðum að sjálfsögðu að bregðast við þeim. Það þarf að segja fólki hvar það getur lesið þær fréttir sem koma í blaðið.

Að lokum segi ég enn nú takk fyrir starfsárið.



Brúum bilið – Byggjum brýr í Indónesíu



Þorpsbíú fer yfir nýbyggða hengibrú.

Indónesía er stærsti eyjaklasi í heimi, alls 13.466 eyjar. Á afskekktum dreifbýlissvæðum eyjanna er landið sundurskorið af ám sem eru illar yfirferðar og hættulegar þeim sem þar búa. En börnin verða að sækja skóla, hinir sjúku að leita til heilsugæslustöðva og mæðurnar sem sækja björg í bú verða að komast á markaðinn. Öll þurfa þau að komast yfir árnar.

Brúum bilið – Byggjum brýr er hugðarefni hóps sem vinnur að því að byggja 1000 hengibrýr í Indónesíu til þess að tengja saman þorp og auðvelda þannig þorpsbúum að komast á milli staða. Lionsklúbburinn Bandung Raya styrkti eitt slíkt verkefna hópsins, sem brúaði bilið á milli tveggja þorpa; Nangklok og Tarikolot í Pangandaran-héraðinu.

Það tók klettklifra og staðarverkamenn fimm daga og kostaði 5.000 dollara í peningum að reisa 50 metra háa hengibrúna sem er staðsett rétt fyrir utan þjóðveginn. Hópurinn mun koma reglulega til þess að fylgjast með ástandi stálstoðanna og íbúarnir hafa einnig verið þjálfaðir í að sinna einföldum viðgerðum eftir þörfum eða falið að hafa samband við verktakana þegar krafist er flóknari viðgerða.

Umdæmisstjóri 109A

Ellert Eggertsson

Umdæmisstjóri 109A



Á gæta Lionsfólk Par sem þetta er síðasta Lionsblaðið sem er gefið út á þessu starfsári, vil ég nota tækifærið og þakka öllu því góða Lionsfólki sem ég hef starfað með á starfsárinu og eins öllum þeim fjölda klúbbfélaga sem ég hef hitt við heimsóknir mínar í klúbbana á starfsárinu. Sem betur fer á hreyfingin mikið af eldhugum sem af mikilli fórnfýsi leggja ótrúlega mikið á sig við að „Leggja öðrum lið“. Þessu fólk færi ég mínar bestu þakkir fyrir starfið og óska því alls hins besta í framtíðinni.

Eins vil ég færa embættismönnum mínum sem starfa með mér í umdæmisstjórninni kærar þakkir og sérstakar þakkir færi ég félögum mínum Birni Guðmundssyni umdæmisstjóra 109B og fjölumdæmisstjóra Jóni Pálmassyni fyrir frábært starf og samvinnu á starfsárinu.

Á nýloknu þingi í Reykjanesbæ var að venju kosnir nýir leiðtogar fyrir hreyfinguna og óska ég þeim öllum velfarnaðar á komandi starfsári, starfsári sem verður lengi í minnum haft þar sem fyrsta konan verður alþjóðaforsæti og báðir umdæmisstjórnir og fjölumdæmisstjóri eru konur. Þetta er einsdæmi í heiminum og þó okkur sé tíðrætt um jafnrétti kynjanna, þá eru þær þarna fyrst og fremst vegna eigin verðleika og óska ég þeim öllum hjartanlega til hamingju og ég er sannfærður um að þetta verður hreyfingunni, landi og þjóð til heilla og við getum verið öll stolt af okkar konum.

Þegar ég lít yfir farin veg, þá er ég þökkalega sáttur við starfið sem af er. Það er þó einhvern veginn þannig að manni finnst maður eiga alltof mikið eftir að gera og hefði vilja koma meiru í verk en raun ber vitni. En eins og sagt er, þá gerast góðir hlutir hægt.

Á þinginu í Chicago voru okkur kynntar nýjar starfslýsingar fyrir Global Action Team, GAT sem við höfum verið að innleiða í vetur og vona ég að sem flestir klúbbar séu farnir að skoða og innleiða í klúbbstarfið. Ég er ekki í neinum vafa um að þetta á eftir að bera mikin árangur í starfinu og á eftir að koma hreyfingunni upp á nýjan stall.

Eins var kynnt MyLion appið í snjallsímanna sem á eftir að verða bylting í samskiptum Lionsmanna. Það er talað um að appið verði einskona Facebook Lionsmanna. Nú hefur LCI tilkynnt útvíkkun á appinu og verður fánlegt í borðtölvur og fartölvur frá og með 1 júlí n.k.

Þá munu allir í klúbbfélagar geta búið til, breytt og sent inn til stjórnarinnar verkefnaskýrslur, sem þeir síðan samþykkja og senda LCI. Allar skýrslur sem gerðar eru í snjallsímanum þínum munu einnig birtast í heimatölvunni þinni. Eins munt þú sjá allar aðrar skýrslur sem félagarnir í klúbbnum búa til. Verkefnaskýrslur klúbbana skulu sendar inn til LCI eingöngu úr MyLion appinu frá og með 1. júlí.

Einnig verður hægt að skoða allar skýrslur frá öðrum klúbbum, hvar sem er í heiminum og þannig getur þú fylgst með hvað aðrir klúbbar eru að gera og gefur um leið klúbbum hugmyndir um verkefni sem eru í gangi hjá öðrum klúbbum og hugsanlega nýtt sér einhverjar hugmyndir.

Ég hvet alla til að ná sér í MyLion appið við fyrsta tækifæri og byrja að æfa sig en væntanlega mun fræðsluteymið bjóða upp á kennslu strax í byrjun næsta starfsárs.

Að lokum óska ég öllu Lionsfólki gleðilegs sumars og þakka þeim fjölmörgu sem ég hef starfað með á starfsárinu, fyrir samstarfið.

Minning + Elín Arnoldsdóttir



Elín var fædd 8. okt. 1938 og lést 15. maí 2018.

Árið 1989 kom saman á Selfossi hópur kvenna sem langaði að stofna Lionsklúbb og í þessum hópi var Elín Arnoldsdóttir. Upp úr þessum viðræðum var stofnaður Lionsklúbburinn Embla það sama ár, og var fyrsti kvenna Lionsklúbbur á Íslandi í þá daga og var Elín ein af stofnfélögum hans. Strax kom í ljós að Ella eins og hún var ávallt kölluð, var ötull og áhugasamur félagi og var áfram um, að reglur og fundarsköp væru í heiðri höfð. Hún var formaður um skeið og gegndi flestum embættum innan klúbbsins. Árið

2004 var hún gerð að ævifélaga og 2017 gerð að Melvin Jones félagi en það er æðsta viðurkenning innan Lionshreyfingarinnar. Við byrjum alla fundi á að syngja Emblusönginn okkar við texta sem var saminn sérstaklega fyrir klúbbinn og syngjum við lagið „Óðurinn til gleðinnar“ og var Ella okkar forsöngvari um langt árabíl, enda lagviss og hrókur alls fagnaðar. Við minnumst Ellu okkar með virðingu, söknuði og þakklæti fyrir samstarf og vináttu liðinna ára. Vottum börnum hennar og fjölskyldum þeirra okkar dýpstu samúð og biðjum Guð að blessa minningu hennar.

Félagar í Lkl Emblu, Guðrún Guðnadóttir.

Björgum börnum frá mislingum

Lestraráttak Lions

Með kveðju og gleðilegt sumar

Kæru Lionsfélagar
Við þökkum ykkur fyrir gott samstarf í vetur, vonum að ykkur öllum hafi tekist að færa 10 ára börnum í 5. bekk bókamerki Lions í samstarfi við skólastjórnendur. Ef einhver ykkar eiga eftir að afhenda bókamerkin er það ekki of seint fyrir skólaslit. Við höldum áfram með bókamerkin í byrjun starfsársins 2018-2019 og höfum þá samband við svæðisstjóra og stjórnir klúbba eins og áður.

Lestrarvinir

Í október síðastliðinn var leitað til okkar um samstarf við verkefni sem var að fara í gang og heitir Lestrarvinir að hollenski fyrirmynd. Marloes Robijn hollensk stúlka er frumkvöðull verkefnisins hér á landi og er í samstarfi við Borgarbókasafn Reykjavíkur. Leitað var eftir styrk fyrir prentkostnað til útgáfu verkefna- og lestrarbókar fyrir félagið Lestrarvini. Eftir nokkra fundi var ákveðið að veita styrk upp á 400.000 kr. 20 vikna námskeið fór síðan af stað með 14 fjölskyldum og 14 sérvöldum sjálfboðaliðum. Börn sem taka þátt í byrjun eru á aldrinum 2 – 8 ára. 12. október var okkur boðið á opnun verkefnisins og nú í mars var okkur boðið að taka þátt í lokaathöfn lestrarvina í

Borgarbókasafninu, þar sem 14 börn og sjálfboðaliðar útskrifuðust við skemmtilega athöfn. Fulltrúi frá okkur ásamt fjöllumdæmisstjóra var við útskriftina. Verkefnið hefur gengið mjög vel og er á áætlun að það verði endurtekið í haust með nýjum þátttakendum. Verkefnið verður aftur auglýst í haust og munum við deila auglýsingunni á opnar Lionssíður ef einhver Lionsfélagi langar til að verða Lestrarvinur.

Hægt er að sjá frekari upplýsingar um Lestrarvini síðu þeirra. <https://www.facebook.com/lestrarvinir/>

Leikskólaverkefnið

Í vetur leitaði Menntamálastofnun eftir samstarfi við Lestraráttak Lions varðandi dreifingu á lestrarhvetjandi gjafapakka til allra leikskóla á landinu, sem ætlað er þeim börnum er hefja lestrarnám. Afhenda átti gjafapakka áður en Lionsklúbbar færu í sumarfrí, en efnið var ekki tilbúið nógu snemma og var því frestað til lok ágúst næstkomandi. Lestraráttakið verður því í áframhaldandi sambandi við fulltrúa þeirra hjá Menntamálastofnun um skipulag og dreifingu pakkana eftir miðjan ágúst.

Kæru Lionsfélagar í lok ágúst næstkomandi mun Lestraráttakið hafa aftur samband við

ykkur og munum við óska eftir góðu samstarfi við ykkur eins og áður. Við höfum fengið mjög jákvæðar undirtektir fyrir þessu verkefni. Klúbbar geta útfært afhendingu gjafapakkana, hver á sína vísu. Gaman væri að gera verkefnið áhugavert og hvetjandi í anda þess sem verkefnið er hugsað. Að hvetja börn í leik og starfi til lesturs með foreldrum, á leikskólum og áfram þegar þau fara í skóla.

Viðurkenning Melvin Jones

Á Landsþingi Lions 07.04. síðastliðinn, fékk Ævar Þór Benediktsson Melvin Jones viðurkenningu fyrir ötult starf sitt í lestrarátaki barna. Hefur hann haldið lestrarátak Ævars vísindamanns fjórum sinnum, en árangur af því eru 230 þúsund lesnar barna og unglingsbækur. Var mjög ánægulegt að veita honum þessa viðurkenningu.

Lestraráttak Lions

Dagný Finnsdóttir lestrarátaksstjóri fjöllumdæmi 109

Jórunn Guðmundsdóttir lestrarátaksfulltrúi 109 A

Hrund Hjaltadóttir lestrarátaksfulltrúi 109 B



Ævar vísindamaður með Melvin Jones skjöldinn sinn.



Ævar vísindamaður tekur við Melvin Jones viðurkenningu.



Frá lokaathöfn Lestrarvina í vetur. Börn fengu viðurkenningar ásamt sjálfboðaliðum fyrir gott starf.



Námsefnispakkin sýnir innihald pakkans sem fer til allra leikskóla í haust þar sem Lionsklúbbar eru beðnir um að sjá um dreifingu.



Stöllurnar sem mynda lestrarátakshópinn brugðu sér á kaffihúsi ef velheppnaðan fund í mars.

Gáfu HVE nýtt ristilspeglunartæki

Lionsklúbbur Akraness kom færandi hendi á Heilbrigðisstofnun Akraness í síðustu viku og færði stofnuninni að gjöf nýtt og fullkomið ristilspeglunartæki. Tækið er af gerðinni Olympus KV-6 Suction og kostar hingað komið 4,9 milljónir króna. Árni Arnarson læknir veitti gjöfinni móttöku fyrir hönd HVE úr, hendi Valdimars Þorvaldssonar formanns Lionsklúbbs Akraness.

Jóhanna Fjóla Jóhannesdóttir forstjóri HVE þakkaði klúbbnum fyrir rausnarlegheitin og jafnframt fyrir þær fjölmörgu gjafir sem klúbburinn hefur fært stofnuninni. Fram kom að Lionsklúbbur Akraness gaf Sjúkrahúsínu á Akranesi fyrst gjöf fyrir réttum 60 árum, tveimur árum eftir stofnun hans. Ristilspeglanir hafa verið framkvæmdar á Akranesi frá því árið 1996 og eru mikilvægur þáttur í rannsóknum, eftirliti og lækningum.

mm



Árni Arnarson læknir, Jóhanna Fjóla Jóhannesdóttir forstjóri, Valdimar Þorvaldsson formaður Lionsklúbbsins, Rósa Marinósóttir sviðsstjóri hjúkrunar á HVE og Ásgeir Ásgeirsson fjármálastjóri.

Minning + Böðvar Pálsson



Böðvar Pálsson bóndi að Búrfelli í Grímsnesi, lést þann 3. mars sl. á Heilbrigðisstofnun Suðurlands. Hann fæddist á Búrfelli þann 11. janúar 1937 og bjó þar allt sitt líf. Hann fór í grunnskóla á Ljósafossi sem var þannig háttad að börn komu í heimaöist í 2 vikur og fóru svo heim með verkefni í aðrar tvær vikur. Böðvar óx upp við gott atlæti á stóru heimili hann var eini sonur foreldra sinna en átti 4 systur, einnig komu börn til dvalar að sumrinu og svo var tvíbylí á Búrfelli og var því oft líf og fjör á bænum.

Að grunnskóla loknum fór Böðvar í Íþróttaskólann að Geysi í Haukadal og var þar einn vetur, síðan fór hann að Laugarvatni í Héraðsskólann og lauk þar landsprófi. Þar með var lokið formlegu námi Böðvars og sneri hann sér að búverkum og vörktöku á vinnuvélum, vann t.d. lengi við skurðgröft vegna framræsingu nýra víða um sveitir.

Böðvar kynntist eiginkonu sinni Lísu Thomsen 1962 og giftu þau sig ári seinna og byggðu nýbylí á Búrfelli sem nefndist Búrfell 3. Böðvar og Lísa eignuðust 5 börn 1 son og 4 dætur. Þau voru höfðingjar heim að sækja og var oft mikill gestagangur á bænum.

Þau hjón voru alla tíð mikið félagsmálafólk og væri erfitt að telja allt upp sem þau komu að. En Böðvar var formaður ungmennafélagsins Hoatar um árabil einnig var hann í hreppsnefnd í 32 ár þar af oddviti

í 14 ár einnig var hann hreppstjóri sinnar sveitar. Hann vann mikið að málefnum stéttasambands bænda og var í nefndum víða á þess vegum. Hann var um skeið í öldrunarráði Íslands og formaður stjórnar Skjóls í nokkur ár. Árið 1982 var hann aðal hvatamaður að stofnun Lionsklúbbsins Skjaldbreiðar og var fyrsti formaður klúbbsins. Hann gegndi öllum helstu trúnaðarstörfum í þágu klúbbsins, eins var hann svæðisstjóri, hann var sæmdur Melvin Jones Fellow viðurkenningunni frá klúbbnum fyrir öflugt starf í þágu hans.

Böðvar var einn af stofnfélögum Oddfellow stúkunnar Hásteinn nr. 17 á Selfossi árið 1992 og gegndi hann öllum helstu trúnaðarstörfum í þágu stúkunnar. Böðvar var mjög hugmyndaríkur og gláðsinna maður, þannig að alltaf var líf og fjör í kringun hann. Hann hafði gaman af að segja frá og kunni hann endalaugar sögur af mönnum og málefnum að fornu og nýju og var unun að hlusta á hann segja frá. Einnig var hann góður tónlistamaður og dró fram harmonikkuna við hin ýmsu tækifæri. Útför Böðvars fór fram frá Skálholtsdómkirkju laugardaginn 10. mars sl.

Við félagarnir í Lionsklúbbnum Skjaldbreiði vottum fjölskyldu og ættingjum okkar dýpstu samúð. Minningin þrýðir góðan dreng.

Fh. Lkl. Skjaldbreiðar
Kjartan Þór Guðmundsson.

Munið minningarkort Lions

Falleg minningarkort Lions fáanleg hjá öllum Lionsklúbbum og á skrifstofu Lionshreyfingarinnar í síma 561 3122.

EFLUM ÍSLENSKA HJÁLPARSJÓÐ LIONSHREYFINGARINNAR.

Starfsemi Lionsklúbbs Grindavíkur

Öflugt starf hefur verið í Lionsklúbbi Grindavíkur í vetur eins og oft áður. Í desemberblaði Lions var stiklað á stóru yfir starfsárið fyrirhluta vetrar en hér mun vera farið yfir helstu þætti í starfi klúbba seinni hluta vetrar.

Konukvöld klúbbsins var haldið 12. janúar þar sem mættu hátt í 50 manns, en þetta er hátíðarkvöld þar sem klúbburinn býður mökum félagsmanna að borða góðan mat og njóta skemmtiatriða. Þrír nýir félagar voru teknir inn í klúbbinn þetta kvöld, Halldóri J Ingvasyni félagi í klúbbnum í yfir fimmtíu ár var veitt Kjaransorðan og Tónlistarskóla Grindavíkur var veittur styrkur sem stuðningur við starfsemi skólans.

Klúbburinn sendi tvö lið til keppni í Boccia móti Íþróttafélagsins Nes, en þetta hefur verið fastur liður í starfsemi klúbbsins í mörg ár. Þrátt fyrir frækilega frammistöðu og einstaka lipurð þá náðu hvorug þessara liða í úrslit þetta árið, reyndar eins og oft áður.

Eins og oft áður sóttu félagar klúbbsins Lionsklúbbinn Geysir heim á þeirra árlega Villimannakvöldi 16. febrúar. Var það eins og alltaf áður hin mesta skemmtun þar sem saltað hrossakjöt var á boðstólnum og létt skemmtiatriði sem kitluðu hláturtaugarnar.

Kútmagakvöld klúbbsins var haldið 9. mars og tókst einstaklega vel upp. Í boði voru um 40 sjávar tengdir réttir ásamt frábærum skemmtiatriðum undir stjórn hins „heimsfræga“ Gísla Einarssonar. Mikið var lagt í undirbúninginn og má telja þær klukkustundir í hundruðum, en alltaf jafn skemmtilegt að taka þátt í þeirri vinnu sem jafnframt eflir félagsandann. Kútmagakvöldið er helsta fjárfloflun klúbbsins og er grunnurinn að þeim öflugum stuðningi sem klúbburinn getur veitt út í samfélagið.

Hefðbundið fundarform var brotið upp með keiluférfi í stað félagsfundar í mars. Þá var haldið með rútu á höfuðborgarsvæðið, spiluð keila og boðið upp á pizzuhlaðborð. Það tókst í alla staði mög vel og er nauðsynlegt að brjóta hlutina upp stundum. Og með það í huga þá var ákveðið að steypa saman árlegri sumarferð klúbbsins og stjórnarskiptafundi með því að halda til Gdansk í Póllandi dagana 26. apríl til 1. maí þar sem stjórnarskiptafundurinn var haldinn á Hótel Sadova sunnudaginn 29. apríl. Alls voru 40 manns í ferðinni sem tókst einstaklega vel og gekur ánægjulegar minningar með þeim sem hana fóru.

Eins og fram kom hér á undan var Halldóri J Ingvasyni veitt Kjaransorðan fyrir starf sitt innan Lionshreyfingarinnar, bæði innan klúbbsins sem og á landsvísi. Tveir fyrrum formenn



Afhending hjálpartækja í Viðihlið.



Boccia.



Fagleg tilþríf í keiluférfi.



Guðrún Björt færir klúbbnum viðurkenningu.



Gunnar Vilbergsson tekur við viðurkenningu.



Halldór J Ingvason tekur við Kjaransorðunni.



Imngtaka nýrra féлага.

klúbbsins fengu viðurkenningu alþjóðaforseta fyrir að efla hreyfinguna með félagaöflun í sinni formannstíð, Einar Bjarnason fékk starfsárið 2013-14 og Reynir Gunnarsson sömu starfsárið 2016-17. Gunnar Vilbergsson félagi klúbbsins og umdæmisstjóri 109A starfsárið 2016-17 fékk viðurkenningu alþjóðaforseta fyrir sín störf og

Einar Lárusson fékk viðurkenningu fyrir 25 ára starf innan klúbbsins.

Lionsþing hreyfingarinnar var haldið í Reykjanesbæ dagana 20. og 21. apríl og stóðu Lionsklúbbarnir á Suðurnesjum sameiginlega að framkvæmd þess. Lionsklúbbur Grindavíkur tók að sér að sjá um kynningarkvöld þingsins



Kútmaginn undirbúinn.

á föstudagskvöldinu, sem var með skírskotun í sjávarútveginn og haldinn á vinnusvæði Veiðarfaræðisráðgjafarstjunnar í Grindavík. Var þar ýmislegt til skemmtunar og flutt fróðleg erindi auk þess sem boðið var upp á „fish and chips“. Á þinginu tók klúbburinn við viðurkenningu úr hendi Guðrúnar Bjartar Yngvadóttur



Stjórnarskipti í Gdansk.

viðtakandi alþjóðaforseta Lions fyrir öflugt framlag í Alþjóðahjálparsjóðs Lions og félagi klúbbsins, Eiríkur Óli Dagbjartsson, fékk sérstaka viðurkenningu fyrir störf sín sem svæðisstjóri svæðis 5 starfsárið 2017-18 innan umdæmis 109A.

Lionsklúbbur Grindavíkur hefur reynt að

leggja sitt að mörkum til þeirra sem þurfa á aðstoð að halda, hvort sem það hefur verið í nærumhverfinu, í nærsveitum, á landsvísi eða á alþjóðavísu. Hefur það verið gert með beinum fjárframlögum eða með kaupum á tækjum og búnaði, frá klúbbum beint eða í samstarfi við aðra. Nú síðast stóðu Kvenfélag Grindavíkur og klúbburinn að tækjagjöf til Hjúkrunarheimilisins Víðihlíðar í Grindavík sem samanstóð að tveimur lyftum af gerðinni Maxi Twin og einni skutlu að gerðinni Sara Stedy, en slíkur búnaður auðveldar mög allt starf við aðhlyningu.

*Með Lionskveðju úr Grindavík,
Halldór Karl Hermannsson, formaður
upplýsingar- og kynningarnefndar.*

Kraftur í Kaldárkonum - Lífið er núna

Ívor tókum við þátt í skemmtilegu og gefandi verkefni til stuðnings Krafti sem er Félag ungra krabbameins-sjúklinga og aðstandendur þeirra.

Stuðningur okkar felst í því að perla armbönd og pakka þeim inn. Á armböndunum stendur „Lífið er núna“ og eru seld á kr: 2000 hjá félaginu. Ellefu lionsfélagar mættu eitt síðdegi og unnu af krafti þetta verðuga verkefni.

Ég hvet lionsfélaga til að leggja þessu góða verkefni lið því að vinnufúsar hendur eru vel þegnar hjá Krafti og hvað er skemmtilegra en að vinna saman að góðum málum.



Með lionskveðju
Jórunn Jörundsdóttir,
formaður verkefnanefndar

Minning + Erlendur Guðmundsson



Erlendur Guðmundsson flugstjóri fæddist 12.07.1943 og andaðist eftir snögg og skammvinn veikindi þann 14.09.2017

Erlendur gerðist félagi í Lionsklúbbi Njarðar 1973 en hætti eftir nokkur ár vegna mikilla anna og fjarveru vegna starfa. Hann kom svo aftur 2009 þá tvíelfdur. Erlendur var mikill gleðigjafi í Nirði, jafnt sem annars staðar, hörkuduglegur með öll þau störf sem honum voru falin, stór og smá. Auk þess var varla sá fundur, skemmtun, hvort heldur var Sviðaveislan eða Herrakvöldið að hann kitlaði ekki

hláturstaugarnar rækilega. Þá var hann hrókur fagnaðar í ferðum Njarðar hér innanlands sem utan. Þá voru fáir fundir að hann kæmi ekki að einni

eða tveimur örsögum enda góður frásagnarhæfileiki. Eftir að hann varð að hætta var samt alltaf nóg að gera hjá honum og gaf hann m.a. úr ferðahandbókar á ensku fyrir ferðamenn til Íslands í yfir 3 áratugi. Var þetta mikið og vandað verk. Eftirlifandi eiginkona hans er Ingunn Erna Stefánsdóttir.

Njörður sendir Ingunni og ættingjum hans innilegar samúðarkveðjur Njarðar.

Arnar Hauksson ritstjóri Njarðarfrétta.

Pistill frá Lkl. Eðnu Akranesi

Lionsklúbburinn Eðna á Akranesi fundar að jafnaði 2. þriðjudag í mánuði. Fundirnir okkar hafa í vetur verið haldnir í Garðakaffi á Akranesi. Boðið hefur verið upp á ýmis þemu í mat, s.s. spænskt, indverskt, ítalskt, ungverskt og mexíkóskt svo eitthvað sé nefnt. Oft koma félagar uppáklæddir skv. þemanu og hefur ýmislegt skemmtilegt komið út úr því eins og líta má á meðfylgjandi myndum.

Við höfum fengið nokkra góða fyrirlesara á fundi til okkar í vetur. Par má m.a. nefna fyrirlestur um kvíða sem einn félagi okkar flutti. Einnig kom kona sem gengið hefur í gegnum kynleiðréttingarferli á fund til okkar og sagði okkur frá sinni reynslu. Á marsfundinn heimsótti okkur gestur sem sagði frá dvöl sinni sem skiptinemi í USA árið 1962. Ekki má gleyma henni Sigfríð Andradóttur vara umdæmisstjóra 109B sem kom á októberfundinn til okkar og flutti ágætt erindi. Allir þessir fyrirlestrar voru mjög áhugaverðir og upplýsandi.

Nokkrar fjáraflanir hafa verið í vetur. Við réðumst í sultugerð eitt síðdegi í haust, gerðum rabbarbarasultu og appelsínumarmelaði sem við seldum. Stærsta fjáröflunin okkar er svo konukvöldið sem haldið var 9. febrúar sl. í Feban salnum. Bjarni töframaður var veislustjóri. Boðið var upp á glæsilegt veisluhlaðborð að hætti Eðnukvenna, en við leggjum sjálfar til allar veitingar. Þá var tískusýning og happadrætti með veglegum vinningum. Við munum svo sjá um 1. maí kaffið fyrir Verkalýðsfélögin á svæðinu og sköffum þá allt bakkelsi og sjáum um kaffiveisluna. Fyrir þetta berum við nokkuð úr bítum sem allt fer í líknarsjóðinn okkar.

Við styrktum mislingaverkefni LCIF, „One shot – one life“ um 5000 kr. pr. féлага í 2 ár. Klúbburinn hefur samþykkt að kaupa nýtt þrívíddar ómskoðunartæki fyrir kvennadeild HVE á Akranesi og verður tækið afhent deildinni á næstu vikum. Verðmæti tækisins er um 3 millj. króna. Þá hefur verið ákveðið að gefa Fjöliðjunni á Akranesi karíóki tækjabúnað til afnota.

Nokkrar Eðnukonur aðstoðuðu Lkl. Akraness við árlegar sykursýkismælingar í nóvember sl.

Af félagslífinu er það helst að fréttu að Eðnukonur fóru ásamt mökum í leikhúsfærð til höfuðborgarinnar í nóvember. Buðum við félögum í Lkl. Akraness að slást í hópinn. Jólafundurinn okkar var haldinn að Laxárbökkum og enn var félögum í Lkl. Akraness boðin þátttaka, nú gegn því að þeir splæstu í rútu fyrir mannskapinn. Vel heppnaðir viðburðir báðir tveir.

Að venju sláum við síðasta fundi vetrarins saman við vorferð sem farin verður í maí. Við erum þegar farnar að hlakka til óvissunnar sem fylgir því ævintýri.

Nokkrar myndir frá félagsstarfinu í vetur fylgja pistlinum.

f.h. Lkl. Eðnu Akranesi,
Rósa Mýrdal ritari 2017-2018



Frá jólahlaðborði í des. 2017.



Frá marsfundi 2018.



Frá okt. fundi.



Indverskt þema-hópmýnd.



Indverskt þema.



Spænskt þema.



Sultugerð.



Sultugerð.



Sultugerð.



Sykursýkismæling með Lkl. Ak.

Lionsklúbburinn Bjarmi

Tveir félagar sæmdir Melvin Jones viðurkenningu

Föstudaginn 27. apríl hélt Lionsklúbburinn Bjarmi á Hvammstanga lokafund starfsársins á Hótel Laugarbakka. Jafnframt héldu Lionsfélagar og makar þeirra upp á 45 ára afmæli klúbbsins með veglegum veislukvöldverði og skemmtu sér fram eftir kvöldi. Raktir voru þættir úr sögu klúbbsins og farið með gamanmál. Við þetta tækifæri voru tveir nýir félagar teknir inn í klúbbinn. Einnig voru heiðraðir þeir tveir félagar sem nú hafa lengstan samfelldan starfsaldur í klúbbnum. Það eru þeir Einar Haraldur Esrason og Eggert Karlsson. Guðmundur Jónsson formaður Bjarma sæmdi þá báða Melvin Jones viðurkenningu fyrir giftudrjúg störf í hátt í þrjá áratugi í þágu Lionsklúbbsins Bjarma og raunar samfélagsins alls í Húnaþingi vestra.



Guðmundur Jónsson formaður Bjarma ásamt Arnari Svanssýni og Guðjóni V. Guðjónssýni nýjum félögum.



Eggert Karlsson og Einar H Esrason glaðbeittir Melvin Jones félagar.

Lionsklúbbur Dalvíkur

Frá Lionsklúbbsi Dalvíkur er allt gott að fréttu. Starfið í vetur hefur verið gott og skemmtilegir fundir, með fyrirlesurum, og einnig höfum við haldið fund inni Svarfaðardal.

Síðan fengum við nýjan féлага í klúbbinn, reyndar endurheimtum við hann, en Arngrímur Baldursson var í klúbbnum, en flutti til Noregs fyrir allnokkrum árum. Þar gekk hann í Lærdal Lionsklub. Og var formaður í þeim klúbbsi, seinustu árin sem klúbburinn lifði. En Lærdal Lionsklub var lagður niður fyrir um tveimur árum.

Í mars héldum við árshátíð klúbbsins, ásamt Lionsklúbbnum Sunnu á Dalvík. En þessir klúbbar hafa haldið sameiginlega árshátíð í allnokkur ár. Við bjóðum þá mökum með og þar er borðaður góður matur, ásamt því að skemmtinefndirnar eru með góða dagskrá.

Á fyrri fundi apríl mánaðar, afhentum við Björgunarsveit Dalvíkur hjartastuðtæki. Þá fengum við fulltrúa sveitarinnar á fund og afhentum þeim tækið. En Björgunarsveitin okkar er með þeim öflugri á landinu, og var það okkur mikilvægt að geta styrkt þeirra góða starf.



Kristján Ólafsson th að bjóða Arngrím Baldursson velkominn í klúbbinn aftur.



Hluti klúbbfélaga að afhenda fulltrúum Björgunarsveitar Dalvíkur hjartastuðtæki.

Að lokum óskum við lesendum gleðilegs sumars með þökk fyrir veturinn.

F.h. Lionsklúbbs Dalvíkur
Tryggvi Kristjánsson



Minning † Helgi V. Karlsson



22.5.1943 -2.11.2017
Kveðja frá Lionsfélögum
Helgi V Karlsson var fæddur 22. maí 1943, hann varð bráðkvaddur á heimili sínu þann 2. nóvember síðastliðinn.
Helgi V. Karlsson var einn af stofnendum Lionsklúbbsins Ásbjarnar í Hafnarfirði en klúbburinn var stofnaður síðla vetrar árið 1973. Stofnfélagar í Ásbirni voru allt ungir menn og samstíga í að láta gott af sér leiða undir merkjum lionshreyfingarinnar.
Helgi var einkar góður og traustur félagi og ávallt tilbúinn að taka að sér hlutverk

stór og smá fyrir lionshreyfingunna. Helgi var sæmdur Melvin Jones orðunni árið 1994.
Helgi hafði góða nærveru, hlýr og hæveskur, einkar traustur, á stundum fámáll en glettinn og góður drengur sem við minnumst með söknuði og hlýju.
Lionsklúbburinn Ásbjörn hefur misst traustan og góðan féлага og er hans sárt saknað
Fjölskyldu Helga, ættingjum og vinum sendum við innilegar samúðarkveðjur
f.h. Lionskl. Ásbjarnar
Guðmundur Guðbjartsson

Lionsklúbburinn Njörður



Félagar í Lionsklubbum Nirði gáfu nýlega Dvalarheimilum Hrafnistu í Reykjavík, Kópavogi og Hafnarfirði veglegar gjafir sem komið hafa í góðar þarfir við ummönnun á heimilinum. Þannig fengu Hrafnista í Reykjavík og Hafnarfirði glæsilega rafknúna sturtustóla sem koma að góðum notum við salernisferðir og böðun þeirra sem veikastir eru. Þá afhentu Njarðar félagar ennfremur Hrafnistu í Kópavogi fjóra mjög vandaða og sérhannaðar loftdýnur sem er sérstaklega ætlað að vernda gegn þrýstingssárum þeirra sem ekki hafa mikla fóstavist. Allar þessar veglegu gjafir hafa nú þegar sannað gildi sitt og sendi Hrafnista félögum í Lionsklúbbi Njarðar alúðarþakkir

fyrir stuðninginn nú og áður og fyrir velvild í garð heimilismanna. Hér að ofan er mynd af Njarðarfélögum við þessa afhendingu og situr elsti félagi Njarðar sem jafnframt er einn af stofnendum Lionsklúbbsins, Sveinn Snorrason lögmaður, í einum stólnum, og honum á vinstri hönd milli tveggja yngsimeyja er annar stofnandi Njarðar Júlus P Guðjónsson en þeir sækja enn flest alla fundi Njarðar og hafa gert í 58 ár. Geri aðrir betur

Fh hönd Njarðar, Halldór Guðmundsson formaður hjálparsjóðs Arnar Hauksson ritstjóri Njarðarfréttu.

Lionsklúbbur Selfoss



Að loknu starfsári er gaman að rifja upp hvað við höfum tekið okkur fyrir hendur í vetur. Starfið er búið að vera kraftmikið og félagar duglegir að mæta á fundi. 3 nýir félagar voru teknir inn en einn féll frá. Fundirnir hafa verið sambland af gestafyrirlesurum og heimsóknum í fyrirtæki og á aðra staði. Okkar aðal fjárafplanir, útgáfa jólablaðs og Kótilettukvöldið gengu vel og gátum við því greitt út styrki í nokkur málefni. Lokaferðin okkar var farin núna 12. apríl en með henni lýkur formlegu starfi vetrarinn. Við tekur ný stjórn sem mun leiða starfið af krafti næsta vetur.



Við óskum öllum Lionsfélögum gleðilegt sumars.

Lions kveðjur
Alex Ægisson, Ritari. Lionsklúbbur Selfoss

Lionsklúbburinn Eir endurvakinn

Síðastliðið vor ákváðu félagarnir í Lkl. Eir að segja sig úr Lions og leggja klúbbinn niður. Þeir voru orðnir rosknir og hafði fækkað um tvo þriðju á þrjátíu ára farsælum starfsferli.

Þetta var umdæmisstjórninni áfall. Þegar var búið að afskrá klúbba og deildir og fækkun okkar Lionsfélaganna var orðin þungbær. Við vorum komin undir lágmarksviðmið til að umdæmið okkar væri löglegt og vantaði talsvert upp á.

Lkl. Eir á sér 30 ára farsæla sögu. Hann var með góð fjáröflunarverkefni og styrkti mörg mikilvæg verkefni. Hann er fyrsti lionessu-klúbburinn sem gerist fullgildur lionsklúbbur.

Í desember bauðst undirrituð til að freista þess að endurreisa klúbbinn og efla hann til dáða á ný. Nokkrar ungar konur gengu til liðs við endurvakinn klúbbinn og Í dag telur hann sextán konur og fer vaxandi. Þrjár af eldri klúbbfélögum komu til baka og er mikill styrkur í að njóta þeirra þekkingar og reynslu. Nýju konurnar koma úr ýmsum áttum og eiga það allar sameiginlegt að þekkja lítið til lionsshreyfingarinnar. Nú þurfum við að festa í sessi starf klúbbsins, koma því í traustan farveg. Við eigum eftir að kynnast betur, hrista hópinn vel saman, mennta félagana í lionsfræðunum. Læra að verða LION.

Á sumardaginn fyrsta þann 19. apríl sl. héldu Eirarkonur vinkonukvöld. Alls komu 26 konur á vinkonufagnaðinn. Við buðum upp á tiskusýningu frá versluninni Sigurboganum á horni Barónsstígs og Laugavegs í Reykjavík, og fengum óvænta heimsókn frá félagi úr Lionsklúbbum Kidda sem sagði okkur frá metnaðarfullum verkefnum síns klúbbs, eins og að afla fjár til endurhæfingarmiðstöðvar fyrir helgaralkóhólista og hvernig klósettrúllusalan gengur í sumarbústaðahverfunum á suðvestur horninu. Glæsilegt happdrætti var í lok dagskrárinnar og hrepptu margir félagar og gestir góðan feng.

Vinkonukvöldið var haldið í tvennum tilgangi, a) hrista félagana saman og b) efla félagsjóðinn okkar.

Lionsklúbburinn Eir hefur sett sér það markmið að fjölga um 10 – 15 konur á næsta ári.

Klúbburinn átti fulltrúa á lionsþinginu í apríl sl. í öllum skólunum fjórum, ritara-, gjaldkera-, formanna- og svæðisstjórnaskólunum. Einn félagi sótti Leiðtogaskólann í vetur og



Eirarkonur með vinkonum sínum.



Nokkrar Eirarkonur sýndu nýjustu tísku frá Sigurboganum í Reykjavík.



Guðbjörg verslunarstjóri í Sigurboganum kynnti fatnað á tiskusýningunni.

umdæmisstjórnin styrkti klúbbsstarfið með myndarlegri aðstoð, bæði í formi styrks til að sækja Lionsþingið og einnig með því að leggja okkur til fundarsalinn í Hlíðasmáranum án endurgjalds. Fyrir það eru Eirarkonur mjög þakklátar.

Við leggjum ótrauðar inn í næsta starfsár með nýkjörna stjórn sem er þannig skipuð:

- Formaður: Jóhanna Thorsteinson,
- Gjaldkeri: Júlía Marinósdóttir
- Ritari: Ása Árnadóttir.

- Varastjórn:
- Varaformaður: Hildur Skarphéðinsdóttir
- Varagjaldkeri: Sigurlaug Hauksdóttir
- Vararitari: Helga Lára Guðmundsdóttir



Frá vinkonukvöldi.



Félagi úr Lkl. Kidda heimsótti Eirarkonur og kynnti þeim sígildar fjáröflunaraðferðir, og benti á að til að byggja meðferðarheimili fyrir helgaralkóhólista væri sniðugt að selja klósettpappír í sumarbústöðum um helgar.



Lionsklúbbur Skagafjarðar

Lionsklúbbur Skagafjarðar afhenti í gær sundlauginni í Varmahlíð hjartastuðtæki sem ekki var til á staðnum. Tækin hafa margsannað gildi sitt og því fannst Lionsmönnum ótækt að ekki væri til tæki í sundlauginni. Sigurður Guðjónsson, formaður klúbbsins, sagðist ánægður með að klúbburinn gæti hjálpað til með þetta. Ekki var safnað sérstaklega fyrir tækinu þar sem klúbburinn hefur tekjustofna sem renna í svona málefni og byggist á vinnuframlagi klúbbsfélaga. Tækið kostar um 250 þúsund.

Hanna Dóra Björnsdóttir, Skólastjóri Varmahlíðarskóla og yfirmaður íþróttamannvirkja, segir gjöfina afar verðmæta að öllu leyti og lýsti yfir þakklæti sínu til Lionsmanna. Hún vonaðist til þess að ekki kæmi til að nota þyrfti tækið. Starfsmenn sundlaugarinnar minntust þess ekki að slíkt atvik hafi komið upp í sundlauginni að hnoða hafi þurft nokkurn einstakling eða beita stuðtæki og er það vel.

En allur er varinn góður og enginn veit hvenær slíkt ber að höndum. Fram kom að starfsfólk sundlaugarinnar fer á skyndihjálparnámskeið á hverju ári og lærir m.a. á hjartastuðtæki og eru því ávallt viðbúin ef neyðaratvik kunni að eiga sér stað.



Sigurður Guðjónsson, formaður Lionsklúbbs Skagafjarðar, afhendir Hönnu Dóru Björnsdóttur, skólastjóra Varmahlíðarskóla og yfirmanns íþróttamannvirkja, góða gjöf frá klúbbum. Sem þakklætisvott afhenti Hanna Dóra Sigurði innrammað þakkarskjal fyrir velvildina. Með á myndinni eru starfsmenn sundlaugarinnar, Friðrik Þór Jónsson, Monika S. Borgarsdóttir og Hafsteinn Harðarson. Mynd: Páll Friðriksson.

Lionsklúbburinn Njörður

Á lionsþinginu síðasta að Ásbrú í Reykjanesbæ var Herði Sigurjónssyni kynninastjóra Lionshreyfingarinnar, veitt æðsta viðurkenning íslensku Lionshreyfingarinnar Kjaransorðan. Hörður er 4 félagi í Lionsklúbbum Nirði sem hlýtur þessa viðurkenningu, hinir er Sveinn Snorrason, Jón Gröndal og Daniel Þórarinnsson.

Njörður er hreykinn af þessum félögum okkar sem lagt hafa drjúga vinnu á sig fyrir okkur og Lionshreyfinguna og óskum þeim til hamingju.

Á myndinni eru Kristín Þorfinnsdóttir formaður Kjaransorðunefndar, Hörður Sigurjónsson kynnningarstjóri og Jón Pálmason fjölumdæmisstjóri



*Fyrir hönd Njarðar:
Arnar Hauksson dr med
ritstjóri Njarðarfrétta.*

Minning † Friðrik Kristjánsson



Friðrik Kristjánsson f.v. framkvæmdarstjóri, fæddist 18.11.1930 og andaðist eftir skammvinn veikindi 04.07.2016. Friðrik tók þátt í stofnun Njarðar þann 20. apríl 1960 og var virkur félagi til dauðadags.

Að loknu námi fyrst í London og svo í Bandaríkjunum, tók Friðrik við rekstri Ford umboðsins eftir föður sinn. Hann kom víða að bæði í stjórnmálum, félagsmálum og var virkur félagi í Þrótti auk aðkomu að mannúðarmálum. Hann var frá upphafi

dugmikill Lions félagi, m.a. formaður Njarðar 1976 – 1977 og var þriðji meðlimur okkar sem var gerður að Melvin Jones félagi í maí 1990 og auk þess ævifélagi Njarðar. Friðrik sótti alla fundi fram undir það síðasta. Eftirlifandi kona hans Bergljót Ingólfsdóttir baðst undan minningargreinum svo við rekjum ekki meira hér að sinni, en honum eru þökkud góð störf fyrir Njörð og Lionshreyfinguna og við Njarðarfélagar minnumst hans með virðingu sem eins af Guðfedrum Njarðar.

Arnar Hauksson ritstjóri Njarðarfrétta

Vorferð Lionsklúbbs Nespinga

Þann 9. maí síðastliðinn fóru 28 félagar ásamt mökum í vorferð um norðanvert Snæfellsnesið. Ferðinni var fyrst haldið inn í Kolgrafarfjörð þar sem félagsmenn í Skottfélaginu Skotgrund voru búnir að koma upp skotstöðvum. Lionsmönnum var leyft að prufa skambyssur, riffla og að lokum skjóta leirdúfur. Því næst var leiðinni haldið áfram til Stykkishólms þar sem forstöðumaður Norska hússins (Byggðasafn Snæfellinga og Hnappdæla) fór yfir sögu hússins og þeirra muna sem þar er að finna. Eftir að hafa drukkið í sig byggðasögu var haldið í Vatnasafnið sem hefur að geyma ótrúlegt útsýni yfir Stykkishólm og Breiðarfjörð. Kvöldið endaði svo með dýrindis kvöldverði á Fosshótel Stykkishólm.



Gallar að gjöf frá Lionsklúbbi Ólafsvíkur

Þjörgunarsveitin Lífsbjörg í Snæfellsbæ fékk góða gjöf í mars þegar Lionsklúbbur Ólafsvíkur færði þeim 2Víkings-galla að gjöf. En kominn var tími á að endurnýja galla sveitarinnar og hún farin að huga að því. Þessir gallar eru því góð byrjun á því ferli. Gallar þessir eru með innbyggðu vesti og því þægilegra að vinna í þeim og eru þeir ætlaðir til notkunar á Sæbjörgu, slöngubát þjörgunarsveitarinnar. Munu þeir nýttast sveitinni mjög vel og er hún afar þakklátt öllum sínum fjölmörgu velunnurum.



Lionsklúbbur Dalvíkur

Hér er Kristján Ólafsson formaður ásamt Zoponíasi Jónmundssyni og Jóni Arnari Helgasyni sem fengu Melvin Jones viðurkenningu á síðasta fundi starfsársims 10. maí síðastliðinn.

Tryggvi Kristjánsson



Sumarpistill frá LKL Emblu Selfossi

Þá fer nú vetrarstarfinu hjá okkur að ljúka eftir góðan og afar skemmtilegan vetur þar sem fundað var stíft því það er svo gaman að vera saman og einnig brugðum við okkur frá bæ svona til að sýna okkur og sjá aðra sem er líka svo lærdómsríkt. Í febrúar héldum við fund nr. 500 og þá fórum við í langferðabifreið í Hveragerði og héldum fundinn okkar á veitingastaðnum Skyrgerðinni sem er til húsa í gamla Hótel Hveragerði. Það er afar skemmilegt og vel uppgert veitingahús, einnig er þar skyrgerð upp á gamla mátann og hægt er að kaupa þar skyr, skyrdrykki og skyrökukur. Þar tók Elfa Dögg Þórðardóttir einn eigandi staðarins á móti okkur, sagði okkur sögu hússins sem var mjög skemmtilegt, einnig sýndi hún okkur skyrgerðina sem var fróðlegt að skoða.

Við fengum á fund til okkar Gunnhildi Stellu Pálmarsdóttur sem kynnti fyrir okkur MINIALISMI stefnu sem byggir á að hafa ekki allt of mikið dót í kringum sig bara það sem þú ert að nota. Þetta var fróðlegt erindi og gaman að heyra hvernig Gunnhildur og hennar fjölskylda fóru í gegnum allt sitt dót og vinsuðu úr það sem var óþarft, frábær hugmynd sem vakti okkur allar til umhugsunar.

Eitt af þeim fyrirtækjum/stofnunum sem við höfum verið að styrkja er Björgunarfélag Árborgar og Sjúkraflutningar. Í mars fórum við Emblur í heimsókn þangað, fengum að skoða þar allan þann búnað sem verið er að nota við dagleg störf. Þetta var fróðlegt og frábærir starfsmenn sem sýndu okkur og útskýrðu fyrir okkur þetta stórkostlega starf sem þarna fer fram. Við urðum afar stoltar af okkar fólki sem oft á tíðum vinnur við mjög erfiðar og krefjandi aðstæður. Það má í þessu sambandi minna á að við Emblur gefum bangsa í sjúkrahúsi fyrir lítil börn til að hafa ofan af fyrir þeim og þau fá þessa bangsa til eignar. Þessir bangsar eru svo keyptir hjá skjólstæðingum okkar á vinnustofu fatlaðra VISS, þetta er skemmtilegt samstarf. Seinna diskótekið fyrir þessa frábæru skjólstæðinga okkar var haldið seinnipartinn í mars og þar ríkti mikil gleði eins og alltaf er, því þetta fólk kann að skemmta sér og öðrum og fær svo góðar veitingar hjá okkur áður en haldið er heim og allir fara sælir og glaðir.

Tvær aðal fjáraflanarnir okkar, annarsvegar Konukvöld og hins vegar Jólakortasala, gengu afar vel og höfum við útteilt til þeirra sem á því þurfa að halda og gerum það með mikilli gleði. Stærsta verkefnið okkar á því sviði í ár er að gefin var fjölþálfi í dagvist aldraðra í Árbliki hér á Selfossi og var þetta tæki keypt í samráði við forstöðukonuna þar Ragnheiði K. Björnsdóttur. Þetta er öflugt þjálfunartæki sem á eftir að nýtast vel í nýrri viðbyggingu sem



Heimsókn í Skyrgerðina í Hveragerði, Gunnar langferðabílstjórinn okkar, Ingibjörg Steindórsd., Elfa Dögg Þórðardóttir, eigandi staðarins og Sigríður Karlsd.



Hafðís færir Guðrúnu gjaldkera mikinn fjársjóð.



Heimsókn í Björgunarmiðstöðina, María formaður ásamt 2 starfsmönnum þar.

verður tekin í notkun í sumar og þá fer hin formlega afhending fram.

Nú í apríl misstum við einn okkar félaga, Elínu Arnoldsdóttur, en hún lést eftir langvarndi veikindi. Elín var ein af stofnfélögum Embluklúbbsins og verður hennar sárt saknað. Blessuð sé minning hennar.

Nú stendur fyrir dyrum óvissu vorferð, sem engin fær að vita hvert skal haldið, allt „leynd“, en þetta eru alltaf skemmilegar ferðir og ýmislegt sér til gamans gert. Svo er lokaathöfn hvers starfsárs að farið er í Emblulundinn okkar í Hellisskógi sem er handan Ölfusár á Selfossi og gróðursett fallett formannstré fyrir fráfandi formann. Þetta finnst okkur skemmilegur siður og lundinn góða færði okkur að gjöf Lionsklúbbur Selfoss



Gunnhildur Stella Pálmarsd. flytur okkur erindi sitt.



Frábæra jólakortanefndin okkar að skila af sér, Puríður, Guðmunda, Guðrún og Kristín.



Áhugasamar Emblur skoða bifreiðar, tæki og tól.

og eiga þeir líka stóran og fallegan trjálund á sama stað.

Þá er mál að linni í þetta sinn og um leið og við enn og aftur þökkum þeim fjölmörgu sem leggja okkur lið ár hvert til að við getum sinnt okkar líknarstarfi af jafn miklum krafti og raun ber vitni en það er aldrei ofþakkað, en og aftur kærar þakkir frá okkur Emblukonum.

Sendum lions sumarkveðjur, með bros á vör héðan frá Selfossi og sendum Guðrúnu Björtu okkar konu góðar óskir í því mikla og erfiða starfi sem hún er að taka við nú í sumar.

Guðrún Guðnadóttir, blaðaftr. Lkl. Emblu

Líflegt starfsár hjá Lionsklúbbnum Ýr!

Starf okkar í „Lionsklúbbnum Ýr“ hefur að vanda verið fjölbreytt og skemmtilegt það sem af er vetri.

Eitt verkefni klúbbsins var að kaupa bekk sem afhentur var kirkjugarðinn í Kópavogi síðast liðið sumar. Því gefst þeim sem röla um garðinn tækifæri til að setjast og njóta tilverunnar á góðviðrisdögum.

Lionsklúbbarnir í Kópavogi sameinuðu krafta sína að vanda þann 18. nóvember í verslunarmiðstöðinni við Smáratorg í tilefni „sykursýkis dagsins“. Blóðsykur var mældur hjá rúmlega tvö hundruð manns og reyndust að nokkrir þurfa á læknishjálp að halda. Þátttaka í þessu líknaerverkefni er alltaf mjög ánægjuleg, þar sem árangurinn liggur fyrir samstundis.

Eins og flestum Lions félögum er ljóst, átti hreyfingin 100 ára afmæli á árinu. Ásta Sigmundsdóttir, félagi í Lionsklúbbnum Ýr, varð 100 ára þann 22. ágúst sl. og var hún heiðruð að samtöknum. Við félagar Ástu í Ýr ákváðum, ásamt félögum í Lionsklúbbnum Muninn í samráði við Ástu, að styrkja starfssemi „Rjóðursins“. Gjöfin hefur þegar verið afhent en við vonumst til að geta heimsótt Rjóðrið ásamt Ástu áður en langt um líður.

Klúbburinn hefur undanfarin ár annast jólaball í samvinnu við „Félag krabba-meinsjúkra barna“. Jólaskemmtunin er haldin þ. 20. desember ár hvert og var að þessu sinni haldin í safnaðarheimili Áskirkju. Gestir voru milli 110 – 120 að þessu sinni og afar glatt á hjalla að vanda. Eldhressir jólasveinar mættu á svæðið og glöddu börnin sem dönsuðu og sungu af hjartans lyst.

Klúbburinn hélt jólafund þ. 11. desember í sal „Kvenfélags Kópavogskirkju“ í Hamraborg. Að þessu sinni var mökum boðið í samsætið þar sem boðið var að vanda upp á glæsilegt jólahlaðborg, jólasöngva og jólapakka.

Tvær félagskonur, þær Sigríður Haraldsdóttir og Ragnhildur Magnúsdóttir, voru gerðar að Melvin Jones félagar á árinu. Þar með hafa allir utan tveggja félaga notið þess heiðurs.

Eftir sölu á félagsheimili lionsklúbbanna í Kópavogi, þ.e. Lionsklúbbi Kópavogs, Lionsklúbbnum Muninn og okkar í Lionsklúbbnum Ýr áttum við ekki lengur fastan fundarstað og ákváðum í kjölfarið að flakka milli fundarstaða til að byrja með. Það sem af er starfsárinu höfum við haldið fundi ýmist í heimahúsum, á veitingastöðum eða í húsnæði sem við leigðum ásamt Lionsklúbbnum Muninn - í Bæjarlind 4. Þetta fyrirkomulag hefur að vísu boðið upp á mikla tilbreytingu en okkur þótt



þreytandi til lengdar að hafa ekki fastan samastað.

Í ljósi þess fórum við, ásamt félögum úr Lionsklúbbnum Muninn á stjá og leituðum að nýju félagsheimili fyrir klúbbana og höfum nú fest kaup á húsnæði að Rjúpnasölum 1, í Kópavogi. Húsnæðið fengum við afhent um miðjan febrúar og höfum þegar hafist handa við hönnun og undirbúning að flutningi starfsemi klúbbanna. Það verður tilhlökk-

unarefni að hefja starfið í nýjum salarkynnum í haust.

Lionsklúbburinn Ýr fundar annan mánudag hvers mánaðar og hlökkum við til að bjóða alla gesti velkomna á fund hjá okkur þegar við tökum til starfa í nýju félagsheimi í september.

Með bestu kveðju frá Lionsklúbbnum Ýr,

Guðrún Einarsdóttir, blaðafulltrúi

Lionsklúbburinn Svanur Breiðdalsvík – unglingskipti

Hér er frásögn Hrafnhildar Halldórsdóttur af unglingskiptaferð sem lionsklúbbarnir hér fyrir austan stóðu að, Lkl Svanur stóð fyrir valinu 2017. Lkl Djúpvogsvogs, Lkl Eskifjarðar, Lkl Múli, Lkl Seyðisfjarðar og Lkl Svanur þakka Hrafnhildi fyrir góða kynningu á okkar landi og lífnaðarhátum.

Ágúst Óli Leifsson ritari Lkl Svan Breiðdalsvík.

Unglingskipti
Ég trúir varla að það sé að verða komið ár síðan, en síðasta sumar fór ég í tónlistar-sumarbúðir Lions í Svíþjóð. Ég valdi það að fara til Svíþjóðar vegna þess að ég sé fram á það að fara í háskóla í Svíþjóð, en það er önnur saga fyrir annan tíma. Ég lenti á Kastrup flugvöllum í Danmörku eldsnemma morguns og tóku Áse og Bert á móti mér opnum örmum. Bókstaflega. Ég var varla komin í gegnum hliðið áður en Áse var byrjuð að faðma mig. Og það sýnir bara brot af því hversu elskuleg þau eru. En Áse og Bert voru hjónin sem að sáu um sumarbuðirnar. Ég fékk síðan far yfir til Malmö í Svíþjóð þar sem ég hitti hjónin sem ég gisti hjá í eina viku ásamt Kim frá Þýskalandi. Við skoðuðum borgina, kíktum í heimsókn til vinafólks og fórum í sumarhúsið þeirra, sem var auðveldlega hápunktur vikunnar. Við lóðarmörkin var skógur með himinháum trjám og ströndin í aðeins 5 mínútna fjarlægð. Veðrið var frábært og sveitabarnið í mér blómstraði. Eftir vikuna keyrðum við upp til Munka-Ljungby þar sem sumarbuðirnar voru. Við tók ævintýrið. Fyrstu dagarnir fóru að kynnast hvort öðru, þar sem við vorum 27 krakkar frá 15 mismunandi löndum. Herbergisfélagarnir

mínir voru þrjár stelpur. Anna frá Austurríki, Ayça frá Tyrklandi og Mika frá Ísrael. Ég veit að það er klisjukennt, en eftir fyrstu vikunna vorum við öll eins og ein stór fjölskylda. Við syntum í vatninu við húsið, spiluðum endalaust af borðtennis á hlöðuloftinu og vorum alltaf að spila spil. Öll okkar héldum glærusýningu til að kynna landið okkar, og sumir komu líka með gjafir frá heimalandinu sínu. Núna get ég sagt að ég hef smakkað japanskt te, tyrkneskt kaffi, Baklava, finnskan lakkris og margt fleira. Einnig veit ég ótrúlegustu hluti um t.d. Austurríki, Hvíta Rússland, Japan og Tyrkland til að nefna nokkur. En ástæðan fyrir að þetta voru tónlistarsumarbuðir? Við æfðum lagið We are the World eftir USA for Africa, sungum það á skemmtun í og tókum það upp í stúdíói. Við heimsóttum einnig lionsklúbb sem var í nágrenni sumarbuðanna, kíktum yfir til Danmerkur í einn dag, fórum á spítbát og veiddum á sjóstangir. Þegar leið að lokum buðanna vildi ég helst ekki fara heim. Ég hefði svo verið til í að eyða einni til tveimur vikum í viðbót með þeim þarna. Síðasta kvöldið okkar grilluðum við pylsur á opnu báli við vatnið og horfðum á sólina setjast. Við vorum öll voða sorgmædd yfir því að þessu væri að ljúka en

mjög ánægð með þessa reynslu. Að lokum kom þó og eldsnemma morguns fórum við öll upp í rútu sem keyrði okkur á Kastrup flugvöllinn í Danmörku þar sem við áttum öll flug. Það var mikið grátið og loforð um að halda sambandi. Enn í dag er ég í sambandi við herbergisféлага mína, restina af krökkunum, og Áse og Bert (allt með hjálp internetsins :)). Við stefnum svo á endurhitting eftir 4 ár. Ég er ævinlega þakklát Lionsklúbbum Svani í Breiðdal fyrir að gefa mér þetta tækifæri í að fara í þessar sumarbuðir. Þessi upplifun breikkaði hugarfar mitt og breytti lífi mínu til hins betra. Sumarbúðir Lions eru besta ákvörðun sem ég hef tekið. Takk fyrir mig.


Hrafnhildur Halldórsdóttir




Lisa, ?, Ema, Julia og Kim.



Partur af hópnnum.



Karam, Marija, Selin og Willemijn.



Ayça og Anna.



Allur hópurinn.



Fólkið sem sá um sumarbuðirnar.

Lionsklúbbarnir Fjölirnir og Ægir

Hér eru nokkrar myndir frá hinu árlega Kúttmagakvöldi Klúbbanna. Það var haldið í Súlnasal Hótel Sögu 2. mars síðastliðinn. Að okkar mati er þetta besta sjávarréttahlaðborð landsins með hátt í 50 rétti. Klúbbarnir hafa haldið þetta sameiginlega nokkur ár og er gott dæmi um gott samstarf í lionshreyfingunni á Íslandi.



Minning † Gunnar Elíasson



Gunnar Elíasson gekk í Lionsklúbb Akraness árið 1958. Þar sinni hann í gegnum árin flestum þeim verkefnum sem til féllu. Fyrir störf sín var hann gerður að Melvín Jones félagi árið 1991, en það er æðsta viðurkenning lionshreyfingarinnar. Hann varð ævifélagi klúbbsins í ársbyrjun 2012. Ég átti þess kost að starfa með Gunnari í Lionsklúbbi Akraness í nokkur ár. Dálítið sérstakt, ég fann fyrir hlýju hans í minn garð frá fyrstu stundu þar til yfir lauk. En þannig var Gunnar, velviljað ljúfmenni, gláðlyndur og jákvaður. Bestu stundirnar okkar voru við matargerð og koma í framkvæmd að bera fram veislukost t. d. fyrir jólafundi klúbbsins. Hann var reyndur á þessu sviði hafði unnið við meðhöndlun matvæla í mörg ár og gjörþekkti allar þær

kúnstir sem góðri matargerð fylgdu. Þannig lærði ég af honum betri meðhöndlun grænmetis og frábæra sósugerð svo dæmi séu nefnd. Dóttir mín sagði einhvern tíma að hún vildi kjöt með sósu heima, frekar en fara á veitingastað, þökk sé meistara Gunnari.

Gunnar flutti ásamt konu sinni, Guðjónínu Sigurðardóttur á dvalarheimilið Höfða fyrir nokkrum árum. Hann var þá sprækur sem lamb á vordegi en veikindi konu hans voru alvarleg og lést hún eftir skamma dvöl á Höfða. Fráfall hennar lagðist þungt á Gunnar enda hann viðkvæmur og einstaklega umhyggjusamur. Hann sagði einhvern tíma við mig svo rólegur og brosandi að nú gæti hann farið líka.

Við lionsfélagarnir þökkum samverustundirnar og kveðjum góðan dreng, blessuð sé minning hans um ókomin ár. Fjölskyldu hans sendum við okkar innilegustu samúðarkveðjur.

Ófeigur Gestsson

Lýsum þeim sem ljósið þrá, en lifa í skugga

Norræni strandhreinsunardagurinn 2018



Á gæta Lionsfólk
Við vorum átta lionsfélagar sem svöruðu kallinu að taka þátt í Norræna strandhreinsunardeginum með Landvernd og Bláa hernum þann 5. maí sl. Þetta voru tvær konur ú Lkl. Æsu, tvær konur ú Lkl. Eir og fjórir karlar úr Lkl. Fjörgyn og öll vel merkt í gulum lionsvestum. Sem sagt góð kynjaskipting eins og vera ber. Við vorum mætt í fjöruna við Garðskagavita kl. eitt og þar komu líka um 40 manns og var verið við hreinsun til kl. hálf fjögur og alls safnaðist um 200 til 300 kíló af alls konar drasli þarna, mest plast og netadræsur. Einnig voru um 50 manns við hreinsun í fjörum nálægt Grindavík og þar safnaðist enn meira og mun Tommi í Bláa hernum sjá um að koma þessu í ábyrga förgun og sumu jafnvel í endurvinnslu. Að þessu loknu var svo haldið til Grindavíkur, þar sem bæjarstjórinn bauð öllum þátttakendum í móttöku í íþróttahúsinu og boðið var upp á heita kjötsúpu, sem ekki veitti af, þar sem heldur var nú hryssingslegt veður þennan dag.

Í móttökunni voru haldnar nokkrar ræður og m.a. þakkaði umhverfisráðherra lionsfólkinu fyrir þátttökuna. Undirritaður flutti smá tölu og gat þess að við í Lions hefðum verið ánægð með að geta lagt þessu góða málefni lið, en



það væri einmitt einkunnarorð Lions, að leggja lið. Gat þess að lionsklúbbar væru víða að vinna að umhverfismálum, þó að fáir hefðu séð sér fært að mæta þennan dag og umhverfismálin væru eitt af aðaláherslum Lionshreyfingarinnar á Íslandi. Sagði líka aðeins frá þeim merkisatburði sem væri framundan þegar Guðrún

Björt yrði kosin alheimsforseti Lions, fyrst kvenna.

Með kveðju
Halldór Runólfsson
Umhverfisstjóri Lions MD 109 og félagi í Fjörgyn.